

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. ágúst 2013  
Tilvísun: UST20130700062/bs

### Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 - 2024, Mýrargata - Geirsgata. Umsögn


Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar dags. 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif ofangreindrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur sem fellst í að fallið verður fá svokallaðri "Stokkalausn" í Mýrargötu.


Umhverfisstofnun telur að við samanburð valkosta þar sem borin eru saman áhrif þess að leggja Mýrargötu í stökk annars vegar og hins vegar að hafa götuna óbreytta eigi ekki að tengja annan valkostinn við byggð á landfyllingum þar sem ekki er séð að slík byggð sé nauðsynleg forsenda þess að leggja Mýrargötu í stökk eða að hér sé að öðru leyti um tengdar framkvæmdir að ræða.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að skoða umferð um hafnarsvæðið í miðbæ Reykjavíkur í heild í stað þess að fjalla um afmarkaða hluta gatnakerfisins, sérstaklega ef fyrirhuguð uppbygging í miðbænum er höfð í huga.

Fram kemur í greinargerð að hljóðvist og loftgæði við Mýrargötu muni versna frá því sem nú er ef fallið verði frá stokkalausn. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um loftgæði nánast eingöngu almennar hugleiðingar um uppruna svifryks. Fjalla hefði mátt ítarlegar um þetta atriði og sérstaklega mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar á íbúa við Mýrargötu.

Núverandi ástand við Mýrargötu varðandi hljóðvist er verulega neikvætt. Án mótvægisáðgerða mun ástandið einungis versna. Umhverfisstofnun telur þó ekki að umrædd breyting á aðalskipulagi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,  
  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur